



Ársskýrsla Beta-deildar 2007–2008

Stjórn deildarinnar þetta starfsár skipuðu:

María Steingrímsdóttir formaður

Eygló Björnsdóttir varaformaður

Selma Hauksdóttir ritari

Anna Jóhannesdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Með stjórninni starfaði fráfarandi formaður Halldóra Haraldsdóttir

Á haustfundi Betadeildar 2007 voru lögð drög að starfsáætlun deildarinnar næsta starfsár. Á dagskrá starfsársins voru sjö fundir og er meginþema áætlunarinnar *þróunarstarf í skólum* auk þess að halda áfram að styrkja okkur sjálfar og að efla samkennd í hópnum. Starfið þennan vetur hefur því tekið mið af þessum mála-flokkum.

Á þessu starfsári höfum við bryddað upp á þeirri nýjung að helga dagskrárliðinn „orð til umhugsunar“ svokölluðum „kliðfundum“ (nafnið er fengið frá Sigrúnu Jóhannesdóttur á framkvæmdaráðsfundi þetta haustið. Kliðfundur fer fram með þeim hætti að skipt er upp í hópa og allir hópar fá sömu spurninguna til að ræða og fá til þess 5-7 mínútur. Hver hópur velur sér ritara sem punktar niður þær hugmyndir sem koma fram í hópnum og síðan eru niðurstöður hópa kynntar. Hóparnir hafa einnig skilað skriflegum punktum til stjórnar sem getur unnið með þær áfram. Mæltist þetta vel fyrir og voru tveir kliðfundir haldnir þetta starfsár, annar um hvernig efla mætti samskipti við aðrar deildir en hinn um hvernig við gætum styrkt nýja kennara í upphafi starfs.

Vetrarstarfið átti að hefjast með sameiginlegum fundi Beta- og Zetasystra í Mývatnssveit þann 6. október. Oft hafði verið rætt að efla þyrfti kynni deildarinnar við aðrar deildir og var þessi fundur fyrirhugaður sem liður í því. Búið var að skipuleggja dagskrána með hefðbundnum dagskrárliðum í bland við glens og gaman. Okkur til mikilla vonbrigða brast á með stórhrið síðla nætur nóttina áður en haldið skyldi af stað þannig að ákveðið var að fresta ferðinni. Félagskonur voru samt mættar tilbúnar til brottfarar í húsnaði Háskólans á Akureyri þennan laugardagsmorgun og var því ákveðið að skella á hefðbundnum fundi í stað hins, fyrst konurnar voru mættar

og var það því fyrsti fundur vetrarins. Dagskrá var því breytt í skyndi og var frásögn félagskvenna af Evrópuþinginu, í máli og myndum, aðalefnið fundarins.

Nóvemberfundurinn var haldinn í Glerárskóla á Akureyri. Meginviðfangsefni fundarins var kynning Margrétar Kristínar Jónsdóttur Beta-systur og þýskukennara í MA á þróunarverkefni í tungumálakennslu á ferðamálasviði en Menntaskólinn á Akureyri fékk þetta haust heiðursviðurkenningu, svokallað Evrópumerki, fyrir verkefnið.

Jólafundur var haldinn í fagurlega skreyttum sal Verkmenntaskólans á Akureyri þriðjudaginn 4. desember. Jólahefðir í ólíkum menningarsamfélögum hefur verið meginviðfangefni jólafunda undanfarin ár og var svo einnig nú. Gestur fundarins að þessu sinni var Dusanka Kotaras. Hún var í hópi flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu sem kom til Akureyrar árið 2003. Dusanka sagði frá jólasíðum á sínum heimaslóðum sem tilheyrðu áður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. Jólahaldið sem var að grísk kaþólskum sið, þurfti að fela fyrir veraldlegum yfirvöldum sem þar réðu ríkjum. Það sem situr þó efst í hugum okkar úr frásögn hennar, eru lýsingar hennar úr flóttamannabúðum í Júgóslavíu þar sem hún dvaldi með börn sín í 10 ár áður en hún koma hingað. Á meðan hún dvaldi þar, í algerri óvissu um framtíð sína og barnanna, var maður hennar á vígvellinum og hafði hún engar spurnir af honum þann tíma. Mjög áhrifamikil og lærdómsrík frásögn frá konu sem þrátt fyrir allt var sérstaklega glöð og þakklát fyrir þær aðstæður sem hún býr við í dag. Er skemmst frá því að segja að styrkur hennar og æðruleysi í þeim miklu þrengingum sem mætt höfðu henni á lífsleiðinni höfðu mikil áhrif á Betasystur. Eins og endranær snæddum við í lokin sameiginlega máltíð af glæsilegu jólahlaðborði og nutum samverunnar.

Sá siður hefur verið í Betadeild að halda alltaf hinn hefðbundna bókafund á heimili einhverrar félagskonu og þann 14. janúar var hann haldinn á heimili ritara deildarinnar, Selmu Hauksdóttur. Fundarkonur kynntu áhugaverðar bækur og voru Betakonur greinilega vel lesnar. Fjöldi bóka var kynntur og bókalisti skráður og gefur hann yfirsýn yfir bækur úr öllum flokkum bókmenntanna. Lista yfir bækurnar má sjá á heimasíðu Betadeildar.

Fundur deildarinnar þann 27. febrúar var haldinn í Lundarskóla. Á þeim fundi flutti Þorgerður Sigurðardóttir, Betasystir, okkur fróðlegt erindi um þróunarverkefni sem Lundarskóli starfar að og heitir „Svífum seglum þöndum“. Í verkefninu er aðaláhersla lögð á heildarskipulag kennsluhátta auk einstaklingsmiðunar og samfellu í námi nemenda innan aldurshópa og milli námsgreina þar sem byggt er á sterkum hliðum

hvers nemanda. Mjög fróðlegt erindi um öflugt þróunarstarf sem kennarar Lundarskóla vinna.

Fyrirhugað var að halda síðasta hefðbundna fund vetrarins fimmtudaginn 3. apríl en þar sem vorþing Delta Kappa Gamma verður haldið í Kópavogi 17. maí var ákveðið að sleppa hefðbundnum fundi í apríl en halda þess í stað lokafundinn í lok mánaðarins. Lokafundur deildarinnar var því haldinn 25. apríl. Hann fór fram heima hjá Jóhönnu Þorsteinsdóttur sem bauð fram húsnæði sitt. Konur skiptu með sér að koma með forrétti, aðalrétti og eftirrétti og er vægt til orða tekið að segja að veitingar hafi allar verið hinar glæsilegustu. Á fundinum var kosin ný stjórn fyrir næsta starfsár og fráfarandi stjórn þökkuað vel unnin störf.

Auk viðfangsefna sem þegar hafa verið talin upp öfluðum við fjár á hefðbundinn hátt í formi happdrættis þar sem safnað er í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Þennan vetur eins og sl. vetur hefur lítil pyngja gengið á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að vorfundi loknum var UNICEF færður sjóðurinn.

Þetta starfsár eins og árið á undan var mjög góð mæting Beta systra á fundi og hafa þær verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Áhersla er lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu en auk þess á deildin fulltrúa í landssambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum.

Betadeild átti fulltrúa í landssambandsstjórn þetta starfsár; Anna Þóra Baldursdóttir sem forseti landssambandsins og Ingibjörg Auðunsdóttir sem 2. varaforseti. Nokkrar Betasystur störfuðu í fastanefndum samtakanna: Jóhanna Þorsteinsdóttir sem formaður námsstyrkjasjóðs, Sigrún Aðalgeirsdóttir í félaga- og útbreiðslunefnd og Jórunn Elísdóttir í menntamálanefnd. Auk þess gegndi Eygló Björnsdóttir, núverandi formaður Betadeildar, starfi vefstjóra landsambandsins og Betadeildar.

Að lokum minnum við á vefsíðu Betadeildar sem finna má áslóðinni:
<http://dkg.muna.is/betadeild>

Fleira segir ekki af starfi Betadeildar þetta starfsár.

Fyrir hönd Betadeildar

Eygló Björnsdóttir formaður.

Þessi skýrsla var send landssambandsforseta í febrúar 2009 og er greinargerð um árið **á undan** því ári sem Eygló situr sitt fyrra ár sem formaður.